



EYJARLAND

Deiliskipulag – greinargerð

26.04.2022



UPPLÝSINGABLAÐ

<u>NR.</u>	<u>HÖFUNDUR</u>	<u>DAGS.</u>	<u>RÝNT</u>	<u>DAGS.</u>	<u>SAMÞYKKT</u>	<u>DAGS.</u>
01	Margrét M. Róbertsdóttir	15.03.'22	Anna Bragadóttir Breytt	23.03.22		

Verknr. 100587-001

Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitastjórn Bláskógarbyggðar þann _____

f.h. sveitarfélagsins Bláskógarbyggð

SKIPULAGSFERLI

Tillagan var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var staðfest með auglýsingu í

B-deild Stjórnartíðinda þann: _____

Skipulagsgögn

Greinargerð ásamt skipulagsupprætti og umhverfisskýrslu.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
1.1	Markmið	6
1.2	Skipulagsgögn	6
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	7
2.1	Skipulagssvæðið	7
2.2	Minjar	7
2.3	Náttúruvá	8
2.4	Umhverfi	8
2.5	Tengsl við aðrar áætlanir	9
2.5.1	Landsskipulagsstefna	9
2.5.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar	9
2.5.3	Deiliskipulag	10
3	DEILISKIPULAG SKILMÁLAR	11
3.1	Skilmálar	11
3.2	Aðkoma og bílastæði	11
3.3	Veitur	12
3.4	Vatnsnotkun og borholur	12
3.5	Frárennsli og úrgangur	12
3.6	Heilbrigðis- og umhverfismál	12
3.7	Brunavarnir	13
3.8	Sorpgeymslur	13
4	ALMENNIR SKILMÁLAR	14
4.1	Hönnun og upprættir	14
4.2	Frágangur lóðar	14
4.3	Ofanvatn	14
4.4	Skilti og lýsing	14
5	UMHVERFISSKÝRSLA	16
5.1	Vægi umhverfisáhrifa	16
5.2	Umhverfismat valkosta og niðurstaða	18
5.3	Niðurstaða	20
6	MÁLSMÆÐFERÐ OG UMSAGNIR	21
6.1	Umsagnaraðilar deiliskipulags	21
6.2	Skipulagsferli	21

1 INNGANGUR

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er á skilgreindu iðnaðarsvæði I21 í Aðalskipulagi Bláskógarbyggðar 2015 – 2027. Svæðið er um 3,3 ha að stærð og liggur austan Laugarvatnsvegar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Deiliskipulagið nær til Eyjarlands L167649 en þar er verið að ala seiði frá hrognum upp í gönguseiðastærð. Þá eru þau flutt annað þar sem þau eru alin í sláturstærð. Flutningurinn fer fram einu sinni á ári í maí og júní og eftir eru hrogn sem hafa verið alin frá nóvember og eru orðin um 1 gr. hvert.

Á lóðinni eru eru m.a. skemma til seiðaeldis, nokkur eldisker og tvær tjarnir.

1.1 Markmið

Markmið með deiliskipulagi Eyjarlands er að stuðla að frekari uppbyggingu fiskeldis og ákvarða byggingarmagn, hæðir húsa, nýtingarhlutfall, aðkomu og frárennsli fyrir starfsemina. Skilgreina byggingarreiti fyrir eldistjarnir, settjarnir og starfsmannaaðstöðu. Ráðgert er að bæta aðstöðu og aðbúnað á svæðinu bæði fyrir seiði og starfsfólk.

1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnir á grunni loftmyndar frá Loftmyndum ehf, fyrirliggjandi landskipta-gögnum og mælingum. Skipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2000, dags. 15.02.2021.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1 Skipulagssvæðið

Eyjarland er skammt frá Laugarvatnsvegi, um 2 km sunnan Laugarvatns. Aðkoma er frá Laugarvatnsvegi nr. 37 um Eyjarveg nr. 364. Lóðin er gróin og á henni er nokkurt kjarr og skjólbelti. Á lóðinni standa nú byggingar sem hýsa seiðaframleiðslu. Þær byggingar sem standa á lóðinni og tilheyra eldisstöðinni eru laxeldishús (MHL-01, 507,8 m², byggt 1983), og eldisker (MHL-02, 409,2 m², byggt 1986).



MYND 1. Yfirlitsmynd af skipulagssvæðinu. Skipulagssvæðið merkt með rauðum hring.

2.2 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í þéttbýlum þremur í Bláskógabyggð en ólokið í dreifbýlinu. Fornleifar hafa ekki verið skráðar á Eyjarlandi en á svæðinu eru engar þekktar minjar.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

2.3 Náttúruvá

Náttúruvá á svæðinu er einna helst vegna jarðskjálfta. Upptök stórra skjálfta liggja austarlega á A-V jarðskjálftabeltinu á Suðurlandi. Skjálftarnir verða sterkastir næst skjálftamiðju, en það dregur úr styrkleikanum eftir því sem vestar dregur. Vegna jarðskjálftahættu er nauðsynlegt að hyggja sérstaklega vel að undirstöðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, misgengi eða stallar undir sökklum.

2.4 Umhverfi

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (mynd 2) er birkiskógur L11 mest áberandi á framkvæmdarsvæðinu og hefur hann hátt verndargildi. Ekki er um að ræða sérstæðan eða vistfræðilega mikilvægan birkiskóg eða leifar þeirra. Frekar er um að ræða gisið birkikjarr og ungar stakar plöntur sem dreifa sér hratt með sjálfssáningu.



MYND 2. Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Skipulagssvæðið er innan rauða hringsins.

Vistgerðarkortið er unnið í mælikvarða 1:25.000 og gefur því nokkuð skýra mynd af vistgerðum svæðisins en er aðeins til hliðsjónar þar sem deiliskipulag er í mun stærri mælikvarða.

Svæðið er ekki á náttúruinjasrá og þar er ekki að finna vistkerfi og jarðminjar sem njóta verndar. Svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis sem nær yfir allt suðurlandsundirlendið.

2.5 Tengsl við aðrar áætlanir

2.5.1 Landsskipulagsstefna

Kafli 2.2. Skipulag í dreifbýli

Marka skal stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýlinu og ákvörðun um staðsetningu og hönnun mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd.

2.5.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar

Lóðin Eyjaland er innan iðnaðarsvæðisins I21 í aðalskipulagi. Heildarstærð iðnaðarsvæðisins er um 3 ha en lóð Eyjalands er um 4 ha.


Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag og samræmist áherslum þess en þar segir m.a.:

Um iðnaðarsvæði segir: „Að sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. framleiðsluiðnað og matvælaíðnað.“

Í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði í kafla 2.4.7:

Tafla 1.

IÐNAÐARSVÆÐI			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
I21	Eyjarland	Svæði fyrir seiðaeldisstöð með framleiðslugetu fyrir um 20 tonn af seiðum. Til staðar eru mannvirki til seiðaeldis s.s. eldistjarnir, settjarnir og starfsmannaaðstaða. Heimiluð er frekari uppbygging á svæðinu fyrir allt að 60 tonna framleiðslugetu með viðbótar kerjum og bættri vinnuaðstöðu og starfsmannaaðstöðu. Starfsemin skal vera í samræmi við þær reglugerðir sem við eiga. Stærð svæðisins er 3 ha. Svæðið skal deiliskipulagt áður en gefin verður heimild til stækkunar og þar skal gera grein fyrir vatnstöku, úrgangsmálum, fráveitu og umhverfisáhrifum þeirra þátta.	Eyjarland



MYND 2 Hluti af Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Skipulagssvæðið merkt með rauðum hring.

Lóðin er undir hverfisvernd vegna birkikjars. Skilmálar eru um að halda skuli byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjategundir í birkiskóga og birkikjarr sem nýtur hverfisverndar.

2.5.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu.

3 DEILSKIPULAG SKILMÁLAR

Deiliskipulagið tekur yfir 3,3 ha lóð Eyjarlands. Afmarkaður er byggingarreitur, hreinsivirki, aðkoma að lóðinni og bílastæði. Á lóðinni eru nú þegar byggingar sem hýst hafa seiðaframleiðslu. Á lóðinni eru eldisker (mhl 01 408,2 m² byggt árið 1986) og laxeldishús (mhl 01 507,8 m² byggt árið 1983).

3.1 Framleiðsla

Á svæðinu er heimilt að ala seiði frá hrognum upp í gönguseiðastærð. Framleiðsla má vera allt að 20 tonna lífmassi.

3.2 Byggingar

Innan byggingarreits má reisa mannvirki í formi húsa, kerjavatnsmiðlunartanka/loftara og súrefnistanka ásamt öðrum búnaði er seiða- og fiskeldi krefst. Allir meginhlutar bygginga skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði. Staðsetning bygginga er frjáls innan byggingarreits. Byggingar mega vera á einni til tveimur hæðum. Hámarkshæð mannvirkja er 12 m og er hæð húsa miðuð við gólfkóta. Þakhalli má vera á bilinu 1° til 17°.

Innan byggingar verður tilheyrandi búnaður s.s. hreinsimannvirki, dælur og loftunarbúnaður. Einnig verður gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu og skemmu/verkstæði. Gert er ráð fyrir að fóðuráfyllingarkerfin verði innandyra og hafa því ekki áhrif á útreiknað byggingarmagn.

Heimilt er að byggja við núverandi hús eða byggja ný hús og eldisker í tengslum við starfsemina, s.s. vegna frekari starfsmannaaðstöðu, hreinsi- og dælubúnaðar. Hámarksbyggingamagn á lóðinni er allt að 5.000 m².

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og aðrar reglugerðir segja til um. Eftir því sem kostur er verður horft til þess að samræma útlit, þakform, lita- og efnisval á svæðinu. Leitast verður við að mannvirki falli sem best að svipmóti lands skv. 69. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í megindráttum, hæðartölur á landi við hús og á lóðamörkum, bílastæði, skjólveggjum, girðingum og annað sem skiptir máli fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

3.3 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að lóðinni er af Laugarvatnsvegi nr. 37, Eyjarvegi nr. 364 um núverandi aðkomuveg að honum. Fjöldi bílastæða innan lóðar skal miðast við þá starfsemi sem fram fer á svæðinu. Bílastæði skulu anna þeirri starfsemi sem verður á lóðinni. Lega aksturssvæðis og bílastæða á uppdrætti eru ekki bindandi.

3.4 Veitur

Gert er ráð fyrir að hús tengist dreifikerfi RARIK og að lagnir fylgi vegum.

3.5 Vatnsnotkun og borholur

Í eldisstöðina renna 100 l/sek af köldu lindarvatni og 6 l/sek af heitu vatni úr Úteyjarhver, samtals um 106 l/sek.

3.6 Frárennsli og úrgangur

Frárennsli - Afrennsli frá eldisstöð rennur í gegnum tvær setþrær á lóð eldisstöðvar og þaðan um 3,4 km leið í Apavatn. Fyrst rennur afrennsli frá settjörnum í opnum skurði um 1.200 metra vegalengd í Djúpin, sem er þverá í Grafará, sem rennur í Apavatn. Farvegur afrennslis um Djúpin og Grafará er um 2.200 metrar að lengd.

Frárennsli verður veitt í hreinsivirki innan skipulagssvæðis, frágangur og gerð hreinsivirkis og frárennislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggja skal gott aðgengi til tæmingar. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

Öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp og í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

Varnir gegn slysasleppingum - Seiðaðið er í kerjum á landi bæði innan og utanhúss og er frárennsli leitt í gegnum öryggis ristar og utanhúss í gegnum tvöfalt ristarkerfi sem koma í veg fyrir að fiskur sleppi út stöðinni og því hætta á slysasleppingum nánast engin.

Úrgangur - Lífrænn úrgangur skal meðhöndlaður með hliðsjón af 57. gr. laga nr. 55/2003 og í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr., að eins miklu leyti og unnt er, einkum með því að:

- Nota hann í moltugerð og/eða gasvinnslu
- Vinna úr honum áburð
- Nota efni sem eru framleidd úr honum

Sé ekki mögulegt að nýta lífrænan úrgang með ofangreindum aðferðum verður hann urðaður á löggiltum urðunarstað í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Stefnt er á að nota moltutank við stöðina í framtíðinni, með það að markmiði að moltan verði nýtt fyrir frekari framleiðslu á verðmætum.

3.7 Heilbrigðis- og umhverfismál

Setja skal upp varnir við slysasleppingum sem samræmist þeim kröfum sem fram koma í 37. gr. reglugerðar um fiskeldi, nr. 1170/2015, og viðauka III og IV við sömu reglugerð og þær yfirfarnar reglulega. Í gildi skal vera viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga og skal hún vera vel kynnt starfsmönnum og aðgengileg í starfsmannaaðstöðu. Við hönnun stöðvarinnar skal taka mið af nýjustu

upplýsingum til að koma í veg fyrir sjúkdóma. Mælt er til þess að lyfja- og efnanotkun verði haldið í lágmarki til að koma í veg fyrir mengun.

3.8 Brunavarnir

Lóðin er innan starfssvæðis Brunavarna Árnassýslu og skulu brunavarnir taka mið af brunavarnaráætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Þar sem veitukerfi anna ekki nægu slökkvivatni skal tryggja aðgengi að því s.s. með safntanki, borholu og/eða öruggu aðgengi slökkvibíla að yfirborðsvatni. Brunavarnir, s.s. stærð og staðsetning tanks eða borholu, verða unnar í samráði við Eldvarnaeftirlit Brunavarna Árnassýslu og skal magn slökkvivatns, s.s. stærð tanks, skal miðast við brunaálag bygginga.

3.9 Sorpgeymslur

Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð 112/2012. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að aðgengi að þeim sé gott og þær séu lítt áberandi. Leitast skal við að flokka sorp eins og kostur er og koma því í viðeigandi farveg til endurvinnslu. Um meðferð, flokkun og losun sorps fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

4 ALMENNIR SKILMÁLAR

4.1 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni. Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, staðsetningu og hæðir á frárennslis- og vatnslögnum svo og kvaðir um inntök veitustofnana.

Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði.

4.2 Frágangur lóðar

Almennt skal frágangur lóða vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012. Lóðarhafi ber ábyrgð á að framkvæmdir séu í samræmi við samþykktir og uppgefnar hæðartölur sem fram koma á mæliblaði. Leggja skal áherslu á góða ásýnd lóðar. Lóðarhafi skal girða af athafnasvæði lóðarinnar.

Ekki er heimilt að moka eða ryðja jarðvegi út fyrir lóðamörk. Ekki skal raska meira landi í hverjum byggingaráfanga en fyrirhugað er að nýta í viðkomandi áfanga undir byggingar og athafnasvæði. Leggja skal áherslu á góða ásýnd lóðar.

Skila skal teikningum af lóðafrágangi með byggingarnefndarteikningum. Lóðarhafa er skylt að ganga frá byggingu að utan og lóð samkvæmt skilmálum og samþykktum byggingarnefndarteikningum eigi síðar en tveimur árum eftir að framkvæmdir hefjast. Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Landeigandi skal halda landi sem snyrtilegustu svo engin hætta stafi af búnaði eða munum innan þess né sé öðrum til ama. Að jafnaði skal ekki láta lausamuni s.s. gáma standa til lengri tíma innan lóðar án tilskilinna leyfa.

4.3 Ofanvatn

Bent er á þann kost að veita vatni af húspökum og hörðu yfirborði við hús beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði lóða sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytili smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

4.4 Skilti og lýsing

Merkingar bygginga og skilti skulu vera í samræmi við gildandi reglugerðir og skal gera grein fyrir hvar og hvernig þeim er háttað á viðkomandi byggingu eða lóð hennar.

Starfsemin krefst góðrar lýsingar utandyra og skal útfærsla hennar vera í samræmi við ákvæði reglugerðar. Í byggingareglugerð nr. 112/2012, 7.2.4. gr segir að: „Lýsing á lóðum skal vera þannig að hún valdi hvorki óþarfa ljósmengun, nágrönnum óþægindum né truflum umferð utan lóðar.“

Litið skal til þess að velja lýsingu við hæfi og lágmarka ljósmagn eins og hægt er. Lýsing utanhúss skal vera óbein, látlaus og glýjulaus með afskermuðum lömpum. Þess verði gætt ljósmagni verði haldið í lágmarki og þess gætt að kastarar lýsi einungis á þá staði sem þörf er að lýsa upp og hún valdi ekki óþægindum eða truflun utan lóðarmarka.

5 UMHVERFISSKÝRSLA

Framkvæmdin er tilkynningarskyld í samræmi við lög nr. 111/2021, lið 1.09 um þaueldi á fiski þar sem þar sem hámarkslífmassi er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn. Tilkynning verður send til Skipulagsstofnunar.

Líkleg áhrif af stefnu deiliskipulagsins eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Mati á líklegum umhverfisáhrifum er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mót vægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

5.1 Vægi umhverfisáhrifa

Áhrif af stefnu deiliskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð, sjá töflu 1.

Tafla 1. Vægi áhrifa

Skilgreining	Skýring
Jákvæð áhrif +	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin eða óveruleg áhrif 0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamning
Neikvæð áhrif -	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfispáttar/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Óviss áhrif ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.
-----------------------------	--

5.2 Umhverfismat valkosta og niðurstaða

Tafla 2. Umhverfismat valkosta

UMHVERFISÞÆTTIR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ	GRUNNÁSTAND, VALKOSTUR 0	NÝTT SKIPULAG VALKOSTUR 1
Jarðmyndanir, Náttúruminjasvæði og hverfisverndarsvæði	Mun skipulagið fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar og 61. gr. um sérstaka vernd jarðminja.	Engin áhrif – engin frekari röskun verður á svæðinu.	Óveruleg áhrif – Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá og þar er ekki að finna vistkerfi og jarðminjar sem njóta verndar. Svæðið er innan hverfisverndar vegna birkikjarrs. Svæðið sem uppbyggingin mun fara fram er þegar raskað. Mögulega munu minniháttar skerðing á birki eiga sér stað á framkvæmdartíma en mun það vera óverulegt og vegna hraðs vaxtar og útbreiðslu birkis á svæðinu mun ekki þurfa að koma til mótvægisáðgerða.
Gróður og dýralíf	Mun skipulagið hafa áhrif á gróður eða dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir eða dýrategundir?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. 60. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og 61. gr. og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkagróðurs.	Engin áhrif – engin frekari röskun verður á svæðinu.	Áhrif á gróður er óverulegt. Svæðið er þegar raskað. Ekki er um að ræða sérstæðan eða vistfræðilega mikilvægan birkiskóg á svæðinu. Óveruleg áhrif eru einnig á dýralíf en gerð er krafa um búnað sem kemur í veg fyrir slyasleppingu. Þó svæðið sé innan mikilvægs fuglasvæðis þá eru áhrifin óveruleg þar sem sambærileg búsvæði eru utan lóðar.
Fornminjar	Mun skipulagið hafa áhrif á minjar?	Lög um menningarminjar 80/2012 með áherslu á gr. 24	Engin áhrif - Engar þekktar fornminjar eru innan svæðisins og engin frekari röskun verður á svæðinu.	Óviss áhrif - Engar fornminjar eru þekktar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en skráning fornminja á svæðinu hefur ekki farið fram.
Ásýnd og landslag	Mun skipulagið hafa áhrif á ásýnd svæðisins? Mun skipulagið hafa sjónræn	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir landslag.	Engin áhrif – engin frekari uppbygging verður á svæðinu.	Áhrif á ásýnd og landslag eru óveruleg þar sem sambærilegar byggingar eins og skemmur og eldisker

	áhrif? Mun skipulagið hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?			munu bætast við þegar framkvæmt verður meira á svæðinu.
Heilsa og öryggi	Mun skipulagið hafa áhrif á hljóðvist og loftgæði á nærliggjandi svæðum? Mun skipulagið hafa áhrif á umferðaröryggi? Mun skipulagið hafa áhrif á lýðheilsu?	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vegalög nr. 80/2007 Velferð til framtíðar	Engin áhrif - Mjög takmörkuð umferð er um svæðið.	Óveruleg áhrif – Þar sem ekki verður augin umferð að og frá svæðinu. Með viðeigandi hreinsibúnaði er komið í veg fyrir mengun frá svæðinu.
Samfélag	Mun skipulagið efla atvinnulíf og styrkja byggð?	Stefna um atvinnu í gildandi aðalskipulagi	Engin áhrif - Engin frekari uppbygging eða fjölgun starfa á svæðinu.	Jákvæð áhrif – Þar sem ekki verður um aukningu á framleiðslu fjölgar ekki störfum. En með betri aðbúnaði starfsfólks og seiða eru jákvæð áhrif til samfélagsins.
Grunnvatn	Mun skipulagið hafa áhrif á grunnvatn?	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	Óveruleg áhrif - Frárennsliskerfi og hreinsun skólps koma í veg fyrir mengun grunnvatns.	Óveruleg áhrif - Frárennsliskerfi og hreinsun skólps koma í veg fyrir mengun grunnvatns.

5.3 Niðurstaða

Með nýju deiliskipulagi er núverandi starfsemi fest í sessi sem skilar sveitarfélaginu tekjum og eykur atvinnuöryggi. Nægt vatn er á staðnum til að anna framleiðslu. Aðkoma að svæðinu er mjög góð, ekki þarf að raska né búa til nýja vegtengingu að framkvæmdarsvæðinu. Áhrif á ásýnd og landslag eru óveruleg þar sem sambærilegar byggingar eins og skemmur og eldisker munu bætast við þegar framkvæmt verður á svæðinu.

6 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNIR

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010.

6.1 Umsagnaraðilar deiliskipulags

Deiliskipulagið verður sent eftirtöldum aðilum til umsagnar á auglýsingatíma tillögunnar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Skógrækt ríkisins

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnslu sveitarfélagsins og fagstofnana.

6.2 Skipulagsferli

Skipulagið verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að tillagan verði auglýst vorið 2022 og taki gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda í sumarið 2022